

## FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 2023

Þann 2. maí 2023 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, á fjórðu hæð Borgartúns 33 í Reykjavík. Fundurinn hófst með því að Þórunna Jónsdóttir, formaður stjórnar félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hún stakk upp á að Bragi Gunnarsson, lögmaður Landsbréfa, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Bragi tók við fundarstjórn og lagði til að Theodóra Thorlacius yrði kjörin fundarritari. Það var samþykkt. Lögmæti fundarins var kannað, en mætt er fyrir 100% hluta í félaginu og fer Hreiðar Bjarnason með þau atkvæði f.h. Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og Bláma fjárfestingafélags ehf. Til fundarins var boðað með lögmætum hætti og úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem fyrir fundinum liggja.

Gengið var til umræðna og afgreiðslu dagskrármála.

### 1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári

Þórunna Jónsdóttir formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar. Hún sagði að rekstur Landsbréfa hefði gengið vel á árinu þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður bæði hér á landi og erlendis. Þó ávöxtun sjóða hefði ekki verið eins góð á árinu eins og undanfarin ár hefði árangur sjóðanna verið ásættanlegur miðað við aðstæður á mörkuðum og borið saman við samkeppnisáðila. Í máli hennar hefði komið að á árinu hefði hökt í aðfangakeðjum í kjölfar Covid faraldursins, stríð í Evrópu og vaxandi verðbólga bæði innanlands og erlendis hefði haft neikvæð áhrif á verðbréfamarkaði. Hún fór yfir helstu niðurstöður af rekstri og kom fram að hagnaður af rekstri hefði verið 814 m. kr. og að stjórn legði til 700 m. kr. arðgreiðslu til hluthafa. Fram kom að hagnaður hefði dregist nokkuð saman á milli ára og ætti það sér m.a. skýringu í að árangurstengdar þóknarir hefðu verið háar á árinu á undan, en það væri sveiflukenndur póstur sem hefði ekki skilað sér á árinu 2022. Farið var yfir störf stjórnar á árinu. Aðalfundur var haldinn þann 3. maí 2022. Á þeim fundi var samþykktum félagsins breytt og stjórnarmönnum fækkað úr fimm í þrjá. Í stjórn félagsins voru á þeim fundi kjörin Þórunna Jónsdóttir, formaður, Haraldur Flosi Tryggvason og Anna Bjarney Sigurðardóttir. Varamaður var kjörinn Einar Þór Harðarson. Í máli Þórunnu kom fram að sífelld væri unnið í því að að bjóða upp á sem fjölbreytilegast úrval sjóða til að svara eftirspurn viðskiptavina. Á árinu 2022 hefði ekki verið stofnaður neinn nýr sjóður en hins vegar hefði framtakssjóðnum Horni II slhf. verið slitið og hefði sá sjóður skilað mjög góðri ávöxtun til hluthafa. Á árinu 2022 hefði nýr framtakssjóður Horn IV slhf. sem stofnaður var í lok árs 2021 hafið sína fjárfestingastarfsemi. Fram kom að stofnun nokkurra nýrra sjóða væri til skoðunar. Að lokum sagði Þórunna frá því að á fundinum væru fyrirhugaðar breytingar á skipan stjórnar þar sem Haraldur Flosi Tryggvason léti nú af störfum. Þakkaði hún henni fyrir hans störf og samstarfið innan stjórnar sem hún sagði að hafa verið mjög gott. Auk þess að þakka meðstjórnarmönnum sínum, þakkaði hún framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum Landsbréfa fyrir vel unnin störf. Sagði hún að nú myndu Landsbréf flytja á næstu vikum í Reykjastræti og væri þetta því síðasti aðalfundur Landsbréfa sem haldinn yrði í Borgartúni. Þórunna sagði að það væri spennandi að flytja í nýtt húsnæði og komast í nágrenni við bankann og yrði það fallið til að auka enn frekar hið góða samstarf sem væri á milli fyrirtækjanna.

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið.

## 2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar

Klara Hrönn Sigurðardóttir, rekstrarstjóri Landsbréfa, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Hún fór yfir helstu liði rekstrar- og efnahagsreiknings og sjóðstreymis. Í máli hennar kom fram að hreinar rekstrartekjur í A-hluta hefðu numið tæpum 2.019 milljónum króna á árinu 2022, samanborið við rúmar 2.937 milljónum króna á árinu 2021. Hagnaður af rekstri ársins 2022 eftir skatta var samkvæmt rekstrarreikningi tæpar 814 milljónir króna, samanborið við rúmar 1.410 milljónir króna á árinu 2021. Eigið fé Landsbréfa hf. í lok ársins 2022 var tæpar 3.783 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi, en var í lok ársins 2021 rúmar 5.969 milljónir króna. Eiginfjárlutfall félagsins var 70,34% í lok árs 2022 reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, samanborið við 89,76% í lok ársins 2021, en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum. Þá var eiginfjárgrunnur félagsins 330% af föstum rekstrarkostnaði, en hlutfall þetta má ekki vera lægra en 25% samkvæmt sama lagaákvæði. Þá var farið yfir samandregnar niðurstöður B-hluta. Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2022 var borinn undir fundinn og samþykktur með öllum atkvæðum hluthafa.

## 3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu um greiðslu arðs frá stjórn félagsins. Tillagan er svohljóðandi:

- „Aðalfundur samþykkir að greiða 700 milljónir króna í arð til hluthafa. Arðgreiðsla skal fara fram innan hálfmánaðar frá samþykkt aðalfundar“

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum hluthafa.

## 4. Kjör stjórnar félagsins

Í stjórn Landsbréfa eiga sæti fimm aðalmenn og tveir varamenn. Frá Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf. hefur borist tillaga um að eftirtaldir aðilar verði kjörnir til stjórnar og varastjórnar:

Þórunn Jónsdóttir, í framboði til stjórnarformanns  
Anna Bjarney Sigurðardóttir, í framboði sem meðstjórnandi  
Jón Þorsteinn Oddleifsson, í framboði sem meðstjórnandi

Í framboði sem varastjórnarmaður væri:  
Einar Þór Harðarson

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og engir aðrir í framboði og var því sjálfkjörið í stjórnina og voru framangreindir lýstir rétt kjörnir í stjórn félagsins.

## 5. Kjör endurskoðunarfélags

Stjórn Landsbréfa leggur til að PricewaterhouseCoopers ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið. Tillagan var tekin fyrir samþykkt og PricewaterhouseCoopers ehf. lýst rétt kjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa.

## 6. Starfskjarastefna félagsins

Lagt er til að fyrirbyggjandi starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt, en stefnan var meðal fundargagna. Stefnan er efnislega óbreytt frá fyrra ári. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var framlögð starfskjarastefna samþykkt.

## 7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Svofelld tillaga um þóknun til stjórnarmanna liggur fyrir:

- Stjórnarlaun verði kr. 277.000 á mánuði, hækkun um 6,5%
- Laun formanns verði tvöföld stjórnarlaun, kr. 554.000 á mánuði, hækkun um 6,5%
- Greiðsla til varaformanns fyrir fundarstjórn verði kr. 69.000, hækki um 6,2%
- Varamenn fái kr. 69.000 fyrir hvern fund sem þeir sitja í forföllum aðalmanna, þó ekki lægri upphæð en 138.000 kr. á ári, hækkun um 6,2%
- Árleg greiðsla fyrir setu í endurskoðunarnefnd verði kr. 247.000, hækkun um 6,5%
- Árleg greiðsla fyrir setu í starfskjaranefnd verði kr. 123.000, hækkun um 6,0%
- Árleg greiðsla til formanna undirnefnda verði kr. 61.000, hækkun um 5,2%

Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlið og var tillagan tekin fyrir og samþykkt.

## 8. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins. Hreiðar Bjarnason, forsvarsmaður Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og framkvæmdastjóri Fjármála hjá Landsbankanum kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og sagðist vilja þakka starfsmönnum Landsbréfa fyrir vel unnin störf. Þá sagðist hann hlakka til að fá starfsemi Landsbréfa í næsta nágrenni við Landsbankann.

Aðrir tóku ekki til máls. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að hann og fundarritari fengju að ganga frá fundargerð og að senda nauðsynlegar tilkynningar til fyrirtækjaskrár. Það var samþykkt.

Þannig farið fram. Fundi slitið kl. 16.25.

[sign]

Bragi Gunnarsson, fundarstjóri

[sign]

Theodóra Thorlacius, fundarritari